

8. - 10.
bekkur

Fjöldi
11-20

45
mín.

Meiðyrði og tjáningarfrelsi

Í þessu verkefni eiga þátttakendur að átta sig á að þótt það ríki tjáningarfrelsi er ekki allt leyfilegt.

Þema	Neteinelti, lýðræði og þátttaka, tjáningarfrelsi og meiðyrði.
Aldur	8. – 10. Bekkur.
Stærð hóps	11 – 20 einstaklingar.
Tími	45 mínútur.
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að átta sig á hvað felst í tjáningarfrelsi.• Að átta sig á hvað felst í meiðyrðum.• Vekja þátttakendur til umhugsunar um hvar mörkin á milli tjáningarfrelsis og meiðyrða liggja.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Raða borðunum svo hver hópur geti átt sína fundaraðstöðu. Hóparnir eiga að vera þrjú talsins.<ul style="list-style-type: none">○ Verjendur○ Dómarar○ Sækjendur• Settu eitt blað í hverja fundaraðstöðu sem merkir hvaða aðstöðu hver hópur hefur.

Kennsluleiðbeiningar

1. Byrjaðu á því að spyrja þátttakendur hvort þau þekki orðið tjáningarfrelsi. Fáðu þau til að útskýra raunveruleg dæmi úr eigin lífi.
2. Spurðu hópinn hvort að þau viti hvað meiðyrði þýðir og hvort þau hafi heyrt um meiðyrðamál.
3. Ef hópurinn hefur ekki áttað sig á hugtökunum skal kennari útskýra þau fyrir hópnum.
- 4.



5. Loks varpar kennarinn spurningu til hópsins sem er eins konar kveikja fyrir verkefnið. Hvernig er hægt að höfða meiðyrðamál þar sem málfrelsi ríkir?
6. Kennari útskýrir að í kennslustundinni ætli nemendur að bregða sér í hlutverk sækjanda, dómara og verjenda. Sækjendur eru þeir sem höfða mál gegn þeim sem verið er að verja, verjendur verja þann sem er verið að höfða mál gegn og dómarar dæma svo í málinu.
7. Hópnunum er skipt með því að draga eða að telja í hópa.
8. Þegar kennari er búinn að skipta í hópa fara allir sem eru saman í hópi á sína stöð og bíða frekari leiðbeininga.
9. Kennari dreifir fylgigögnum til hópa með leiðbeiningum um hvað hópurinn á að gera, **sjá fylgigögn**.
10. Kennari gefur nemendum 15 mínútur til að undirbúa málið.
11. Þegar nemendur eru búnir að undirbúa málið flytja þeir erindið til dómarahópsins. Verjendur byrja að flytja málið og svo sækjendur.
12. Þegar hóparnir eru búnir að flytja málið fær dómarahópurinn 10 mínútur til að ráða ráðum sínum og kjósa innan hópsins hver vinnur málið.

Samantekt

Notaðu eftirfarandi spurningar til að gera samantekt á verkefninu.

- Hvernig fannst ykkur verkefnið? Haldið þið að svona mál séu algeng?
- Eru þið sammála niðurstöðum dómara? Hvað voruð þið ósammála um?
- Hefur verkefnið breytt hugarfari ykkar gagnvart tjáningarfrelsi?
- Hafið þið orðið vitni að meiðyrðum á netinu?

Ábendingar fyrir leiðbeinendur

- Ef hópurinn er stór er gott að notast við einhvern hlut sem veitir þátttakendum leyfi til að koma með sína skoðun. Hluturinn gengur svo á milli og mega einungis þeir tala sem halda á hlutnum hverju sinni.
- Vertu vakandi fyrir því að einstaklingar gætu hafa lent í að sjá meiðyrði um sig á netinu og gerandi gæti jafnvel verið í hópnunum. Gæta þarf þess að ýta ekki of mikið á þátttakendur ef þeir vilja ekki svara.
- Ef það eru einstaklingar í hópnunum sem hafa lent í einelti getur farið svo að verkefnið fái þá til að átta sig á að þeir þurfi stuðning. Í upphafi verkefnis er gott að nefna að meiðyrði eru mjög alvarlegur hlutur og kennari geti veitt stuðning ef nemandi hefur orðið fyrir slíku eða komið málinu í réttan farveg.

Fylgiskjöl



Dómararar

Dómsmálið:

Gunnar Gunnarsson GEGN Stefáni Stefánssyni

Gunnar Gunnarsson stefnir Stefáni Stefánssyni vegna meiðyrða sem hann lét falla á vefsíðu þann 10. maí 2014.

Sjá skjáskot:



Gunnar segist ekki kannast við að hafa svikið Stefán. Stefán hefur þó sannanir fyrir því að Gunnar sveik hann um vöru sem hann borgaði 20.000 kr. fyrir.

Verjendur og sækjendur munu koma með nýjar upplýsingar um málið og því er mikilvægt að þið hlustið vel til að móta ykkur skoðun á þessu dómsmáli.

Ykkar hlutverk:

1. Á meðan verjendur og sækjendur undirbúa málið eigi þið að ræða ykkar á milli hvað ykkur finnst um þetta dómsmál. Er það of langt gengið? Hefur Gunnar rétt fyrir sér? Vantar einhver gögn?
2. Þegar verjendur og sækjendur eru tilbúnir að flytja mál sitt eigið þið að hlusta og punkta niður hjá ykkur allt sem ykkur finnst áhugavert.
3. Þegar verjendur eru búnir að flytja mál sitt ræðið þið saman í hópi og kjósið svo um hvort Stefán verði dæmdur eða hvort málið verði fellt niður.



Sækjendur

Dómsmálið:

Gunnar Gunnarsson GEGN Stefáni Stefánssyni

Gunnar Gunnarsson stefnir Stefáni Stefánssyni vegna meiðyrða sem hann lét falla á vefsíðu þann 10. maí 2014.

Sjá skjáskot:



Stefán Stefánsson

Varið ykkur á Gunnari Gunnarssyni. Hann er svikahrappur og aumingi. Hann mundi svíkja mómmu sína fyrir 400 kr!

Like · Comment · 9 minutes ago · 🌐

👍 4 people like this.



Write a comment ...

Gunnar segist ekki kannast við að hafa svikið Stefán. Stefán hefur þó sannanir fyrir því að Gunnar sveik hann um vöru sem hann borgaði 20.000 kr. fyrir.

Gunnar er þó með sannanir um að Stefán hafi aldrei greitt honum þessa upphæð og því fékk hann aldrei vöruna.

Ykkar hópur er að kæra fyrir hönd Gunnars. Því eigið þið að flytja erindi fyrir dómarahópinn um AF HVERJU Stefán eigi að vera dæmdur fyrir meiðyrði.

Ykkar hlutverk:

1. Fyrsta sem hópurinn á að gera er að undirbúa erindið. Gott er að hafa einn fundarstjóra og einn ritara meðan þið eruð að ákveða hvað þið ætlið að segja.
2. Hópurinn ákveður hver mun flytja erindið fyrir hópinn.
3. Talsmaður hópsins flytur erindi fyrir dómarahópinn.
4. Meðan dómarahópur ákveður niðurstöður dóms er mikilvægt að hópurinn hafi hljótt.

Stefnendur

Dómsmálið:

Gunnar Gunnarsson GEGN Stefáni Stefánssyni

Gunnar Gunnarsson stefnir Stefáni Stefánssyni vegna meiðyrða sem hann lét falla á vefsíðu þann 10. maí 2014.

Sjá skjáskot:



Gunnar segist ekki kannast við að hafa svikið Stefán. Stefán hefur þó sannanir fyrir því að Gunnar sveik hann um vöru sem hann borgaði 20.000 kr. fyrir.

Gunnar er þó með sannanir um að Stefán hafi aldrei greitt honum þessa upphæð og því fékk hann aldrei vöruna.

Ykkar hópur er að verja Stefán. Því eigið þið að flytja erindi fyrir dómarahópinn um AF HVERJU Stefán eigi ekki að vera dæmdur fyrir meiðyrði.

Ykkar hlutverk:

1. Fyrsta sem hópurinn á að gera er að undirbúa erindið. Gott er að hafa einn fundarstjóra og einn ritara meðan þið eruð að ákveða hvað þið ætlið að segja.
2. Hópurinn ákveður hver mun flytja erindið fyrir hópinn.
3. Talsmaður hópsins flytur erindi fyrir dómarahópinn.
4. Meðan dómarahópur ákveður niðurstöðu dóms er mikilvægt að hópurinn hafi hljótt.